


48. *ping* 1970

---



*PINGBERD*

UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS.

48. SAMBANDSPING

UNGMENNASAMBANDS KJALARNESÞINGS

DAGSKRÁ

1. Þingið sett.
2. Kosning kjörbréfanefndar.
3. Kosning starfsmanna þingsins.
4. Álit kjörbréfanefndar.
5. Kosning kjörnefndar.
6. Skýrsla stjórnarinnar.
7. Inntökubeiðni Handknattleiksfélags Kópavogs.
8. Álit kjörnefndar.
9. Umræður.
10. Nefndarstörf.
11. Álit nefnda.
12. Verðlaunaafhending.
13. Stjórnarkjör.
14. Önnur mál.
15. Þingslit.

## Þ I N G G E R Þ

### 48. Þ I N G S U . M . S . K .

48. ársþing Ungmennasambands Kjalarnesþings var háð á Fólkvangi í Kjalarneshreppi hinn 6. desember 1970 í boði Ungmennafélags Kjalarnesinga.

Þingið var sett á ellefta tímanum fyrir hádegi. Átlunin var, að þingið hefist kl. 9:30, en það reyndist ekki unnt, vegna þess að langflestir fulltrúanna komu of seint á vettvang.

Formaður sambandsins, Pétur Þorsteinsson, setti þingið með stuttu ávarpi og bauð viðstadda velkomna til þings. Gestir þingsins voru þeir Hafsteinn Þorvaldsson, formaður Ungmennafélags Íslands, Sveinn Björnsson, úr stjórn Íþróttasambands Íslands, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi ríkisins og Eysteinn Þorvaldsson, ritstjóri Skinfxa.

Í upphafi fengu fulltrúar í hendur skýrslu um síðasta starfsár UMSK, sem stjórnin hafði látið fjölrita. Ennfremur fjölritaða þinggerð 1969.

#### KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR OG STARFSMANNA.

Þessir voru kosnir í kjörbréfanefnd: Jón M. Guðmundsson, Steinar Lúðvíksson og Eggert Ólafsson. Forseti þingsins var kjörinn Páll Ólafsson og varaforseti Pálmi Gíslason. Skrifarar þingsins voru kjörnir Hlynur Þór Magnússon og Guðmundur Jónsson. Þessar kosningar voru allar einróma.

Þingforseti, Páll Ólafsson í Brautarholti, bauð þingið velkomnið í hið nýja félagsheimili Kjalnesinga á Fólkvangi.

#### ÁVÖRP GESTA.

Á meðan kjörbréfanefnd vann verk sín, ávörpuðu gestir þingið.

Hafsteinn Þorvaldsson, form. UMFÍ, flutti kvæðju stjórnar UMFÍ. Hann gat þess, að Sigurður Geirdal, sem ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri UMFÍ, væri reyndur liðsmaður í UMSK, og lýsti yfir ánægju sinni með ráðningu hans. Hafsteinn minntist á þryðilegan árangur íþróttafólks UMSK að undanförmu og flutti síðan fréttir af starfi UMFÍ.

Sveinn Björnsson, stjórnarmaður í ÍSÍ, flutti kvæður stjórnar ÍSÍ, forseta þess og framkvæmdastjóra, og þakkaði fyrir þátt UMSK í íþróttahátíð 1970. Einnig fjallaði hann um nauðsyn líkamsræktar fyrir allan almennung og skýrði frá undirbúningi Frimm-herferðarinnar, sem hefur "Íþróttir fyrir alla" að markmiði.

#### ÞINGFULLTRÚAR.

Jón M. Guðmundsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og kynnti fulltrúa. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða. Þessir voru fulltrúar:

Umf. Afturelding:

Páll Aðalsteinsson, formaður,  
Hlynur Þór Magnússon,  
Ásgeir Indriðason,  
Guðmundur Jónsson,  
Gunnar R. Magnússon,  
Jón M. Guðmundsson,  
Gunnlaugur Hreinsson,  
Anna Axelsdóttir,  
Birgir Sigurðsson.

Umf. Bessastaðahrepps:

Sturla Jóhannsson, formaður,  
Ingveldur Karlsdóttir,  
Sólveig Mannfreðsdóttir.

Umf. Breiðablik:

Gestur Guðmundsson, formaður,  
Sigurður Geirdal,  
Steinar Lúðvíksson,  
Jón Ingi Rangarnsson,  
Pálmi Gíslason,

Guðmundur Þórðarsson,  
Hafsteinn Jóhannesson,  
Hörður Kristjánsson,  
Trausti Sveinbjörnsson.

Þórhallur Þórhallsson,  
Grétar Vilmundarson,

Umf. Drengur:

Hreiðar Grímsson, formaður,  
Haraldur Jónsson,  
Haraldur Hjartarson  
Ólafur Oddsson,  
Kristján Davíðsdóttir.

Umf. Kjalnesinga:

Ólafur Friðriksson, formaður,  
Páll Ólafsson,  
Grétar Tryggvason.

Umf. Gróttta:

Stefán Ágústsson, formaður

Umf. Stjarnan:

Magnús Snæbjörnsson,  
Þórarinn Sigurðsson.

Þingið sat einnig nýráðinn framkvæmdastjóri UMSK, Guðmundur Guðmundsson.

#### KOSNING KJÖRNEFNDAR.

Eftirtaldir voru kosnir einróma í kjörnefnd:

Guðmundur Gíslason, Dreng.  
Jón M. Guðmundsson, Aftureldingu.  
Ólafur Friðriksson, Umf. Kjalnesinga.  
Steinar Lúðvíksson, Breiðabliki.  
Sturla Jóhannsson, Umf. Bessastaðahrepps.  
Þórarinn Sigurðsson, Stjörnunni.  
Þórhallur Þórhallsson, Gróttu.

#### SKÝRSLA STJÓRNAR.

Pétur Þorsteinsson, formaður UMSK, fjallaði um liðið starfsár. Um flest í erindi hans vísast til fjölritaðrar ársskýrslu UMSK. Formaður skýrði auk þess frá því, að nýlega hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins, Guðmundur Guðmundsson. Formaður greindi síðan frá því, að fyrir skömmu hefði boðizt svar stjórnar UMFÍ við umsókn stjórnar UMSK um að sambandið fengi það verkefni að halda Landsmót 1974. Niðurstaðað reyndist á þá leið, að UMSB var falið að annast mótið. Formaður ræddi þá gömlu von sína og margra annarra, að landsmót yrði haldið að Varmá í Mosfellssveit. Hann kvaðst sannfærður um það, að þessi ákvörðun stjórnar UMFÍ væri misráðin, og taldi, að erfitt yrði að finna viðunandi rök til stuðnings henni, enda væri það skoðun margra, að eðlilegast hefði verið, að röðin kæmi nú að UMSK að halda landsmót. Formaður áleit, að ~~ekki~~ samband annað hefði meiri rétt en UMSK til þessa móts, og kvaðst hann harna úrskurð stjórnar UMFÍ.

Guðmundur Gíslason, gjaldkeri UMSK, las reikninga liðins starfsárs. Reikningana er einnig að finna í fjölritaðri ársskýrslu UMSK, en gjaldkeri gat þess, að á eignahlið efnahagsreikningsins í skýrslunni hefði fallið niður skuld Breiðabliks við sambandið að upphæð kr. 8.200.00. Niðurstöðutala rekstarsreikningsins reyndist vera kr. 314.454.80 en tekjur umfram gjöld kr. 61.582.75. Niðurstöðutala efnahagsreiknings var kr. 106.273.95 en eignir umfram skuldir kr. 72.662.95.

Pálmi Gíslason, fulltrúi UMSK í stjórn UMFÍ, gerði grein fyrir því, hversvegna hann hefði greitt atkvæði gegn því, að UMSK yrði falið að halda landsmót 1974. Hann kvaðst þeirrar skoðunar, að störf UMSK að undanfögnu hefðu ekki gefið til kynna að samtandið væri fært um að halda slíkt mót. Hann taldi ~~enn fremur~~ að miklum erfiðleikum væri bundið að fá fjölmenni til þess að sækja útisamkomur í nágrenni Reykjavíkur. Pálmi taldi einnig, að hér í jaðri höfuðborgarinnar yfði ekki hægt að halda þeim sérstæða svið tjaldbúðalífs, sem einkennt hefði fyrri mót.

Þorsteinn Einarsson spurðist fyrir um það, hversvegna ekki væru tilfærðir neindir kennslustyrkir í reikningum sambandsins.

Gjaldkeri kvaðst ekki nógu kunnugur því máli, því að slíkt hefði ekki komið til kasta hans síðan hann tók við starfi. Mennt hölluðust að því, að kennslustyrkir til UMSK frá UMFÍ og ÍSÍ hefðu farið beint út til einstakra félaga, án viðkomu í reikningum sambandsins.

Pétur Þorsteinsson taldi ástæður þær, sem Pálmi bar fram fyrir afstöðu sinni til landsmótsins, vera mjög léttvægar, og kvað framkomu Pálma í þessu máli ósami-lega.

Páll Ólafsson haramði ákvörðun stjórnar UMFÍ um landsmót 1974. Hann kvaðst þeirrar skoðunar, að UMSK hefði aldrei staðið betur að vígi en nú, til þess að halda landsmót.

Hafsteinn Þorvaldsson kvaðst skilja afstöðu formanns UMSK gagnvart svari stjórnar UMFÍ. En það hefði legið í loftinu um árabil, að Borgfirðingar fengju að halda landsmót. Hafsteinn sagði, að fram hefði komið gagnrýni á þá tilhögun, að láta stjórn UMFÍ úthluta landsmótum, en hann taldi óframkvæmanlegt að láta t.d. formannaráðstefnu sambandanna útkljá málið hverju sinni, þar eð oft myndi erfitt að ná samstöðu á þeim vettvangi. Hafsteinn kvað sér ekki detta í hug að halda því fram, að UMSK væri ekki fært um að halda þetta mót, og taldi hann aðstöðuna að Varmá glæsilega. Aftur á móti væri hann uggandi vegna nálægðar Reykjavíkur. Hafsteinn benti á þann möguleika, að ekki væri óhugsandi að fá Borgfirðinga til þess að framselja mótshaldið, enda væri til fordæmi slíks.

Pálmi Gíslason kvaðst hvorki hafa ætlað sér að vinna né teljast hafa unnið gogn hagsmunum UMSK. Hann hefði gert það sem hann taldi réttast.

Gestur Guðmundsson sagði, að sú hugmynd hefði komið fram fyrir mörgum árum, að haldið yrði landsmót á vegum UMSK. Hinsvegar hefðu framkvæmdir innanhéraðs verið mjög litlar, svo að jafnvel hefði verið vandkvæðum bundið að halda héraðsmót. Gestur taldi, að stóráttak þyrfti að gera varðandi aðstöðu og mannvirki, áður en unnt yrði að halda landsmót á vegum UMSK. Ennfremur kvaðst hann vera í vafa um það, að starf innanhéraðs væri komið á það stig, að sambandið væri fært um að annast landsmót.

Sigurður Geirdal kvaðst vonast til þess, að UMSK fengi að halda landsmót einhvern tíma síðar, en áleit sambandið ekki undir slíkt búið að svo stöðdu. Hann taldi það einnig standa Borgfirðingum nær að fá að halda landsmót. Sigurður kvað úthlutun landsmóta það veigamikilið mál, að naumast væri rétt, að stjórn UMFÍ annaðist hana ein. Hann taldi undarlegt, að stjórn UMSK skyldi senda frá sér umsókn um landsmót, án þess að hafa samráð við þá menn, sem annast hefðu þátttöku UMSK í undanförunum landsmótum.

Pétur Þorsteinsson lét í ljós furðu sína á því, að fulltrúi UMSK í stjórn UMFÍ skyldi treysta sér til þess að greiða átkvæði þvert á móti einhuga vilja stjórnar UMSK. Hann kvað þessa andstöðu einstakra fulltrúa á þinginu óvænta, og hefði sér ekki fyrr verið kunnugt um þessar skoðanir þeirra.

Þorsteinn Einarsson kvaðst hyggja, að legið hefði í loftinu allt frá því um 1940, eða síðan UMSK var endurvakið, að til þess kæmi, að sambandið fengi að halda landsmót. Þetta væri því jafnvel eldri draumur UMSK en Borgfirðinga. Síðan gat hann um hið gamla og nýja áhugamál ýmissa manna, að vegleg íþróttamiðstöð kæmist á fót að Varmá í Mosfellssveit. Þorsteinn taldi, að aðstaða UMSK og UMSB til landsmótshalds væri svipuð, ef borin væru saman þau íþróttamannvirki í Mosfellssveit og Borgfirði, sem nú þegar eru til staðar. Að lokum kvað Þorsteinn sér finnst galli á skýrslu stjórnarinnar, að þar vantaði ýmsar tölur um iðkendur mismundandi íþróttgreina, sundurgreiningu á aldri félagsmanna og sundurliðun fleiri atriða.

Síðan voru skýrsla stjórnarinnar og reikningar sambandsins borin undir þingið og samþykkt samhljóða. Að því búið var gert þinghlé, en þingheimur settist að hádegisverði.

#### KOSNINGAR NEFNDA.

Að loknu matarhléi mælti Jón M. Guðmundsson, framsögumaður kjörnefndar, fyrir tillögum nefndarinnar um skipan þingnefnda. Tillögurnar voru samþykktar í einu hljóði. Nefndir voru því þannig skipaðar:

##### Fjárhagsnefnd:

Gestur Guðmundsson.  
Guðmundur Gíslason.  
Ingveldur Karlsdóttir.  
Jón M. Guðmundsson.  
Ólafur Friðriksson.  
Stefán Ágústsson.  
Þórhallur Þórhallsson.

##### Allsherjarnefnd:

Gunnar Gíslason.  
Gunnalugur Hræinsson.  
Haraldur Hjartarsen.  
Hreiðar Grímsson.  
Jón I. Ragnarsson.  
Páll Aðalsteinsson.  
Sturla Jóhannsson.

##### Íþróttanefnd:

Anna Axelsdóttir.  
Gréfar Vilmundarson.  
Guðmundur Þórðarsson.  
Gunnar R. Magnússon.  
Hafsteinn Jóhannesson.  
Kristín Davíðsdóttir.  
Ólafur Oddsson.  
Pálmi Gíslason.  
Steinar Lúðvíksson.  
Þórarinn Sigurðsson.

##### Félagsmálanefnd:

Ásgeir Indriðason.  
Grétar Tryggvason.  
Haraldur Jónsson.  
Hörður Kristjánsson.  
Magnús Snæbjörnsson.  
Sigurður Geirdal.  
Sólveig Manfreðsdóttir.

Jón M. Guðmundsson lét þess getið, að hann hefði ekki getað fylgzt með umræðum um landsmótsmálið vegna nefndarstarfa, en hann kvað það vera mjög alvarlegt mál, ef UMSK fengi ekki að halda mótið árið 1974, vegna þess að slíkt móts-hald væri einmitt sú lyftistöng, sem sambandið þyrfti með. Jón lét í ljós það álit sitt, að fulltrúi UMSK í stjórn UMFÍ hefði að minnsta kosti átt að sitja hjá í þessu máli, í stað þess að greiða atkvæði þvert ofan í vilja sinnar eigin stjórnar.

## ERINDI HANDKNATTLEIKSFÉLAGS KÓPAVOGS.

Forseti las nú bréf, sem UMSK hafði borizt frá stjórn Handknattleiksfélags Kópavogs (HK), dags. 4. jan. 1970, þar sem óskað var eftir inngöngu í UMSK. Erindinu var vísað til allsherjarnefndar til umsagnar.

Þorsteinn Einarsson taldi ekki óeðlilegt, að nýtt sérfélag risi upp í svo stóru byggðarlagi sem Kópavogi, og ætti slíkt ekki að leiða til neins illis fyrir það félag, sem fyrir er. Síðan þakkaði Íþróttafulltrúi viðurgerning og mælti kveðjuorð, þar eð hann þurfti að hverfa á braut er hér var komið þingi.

Forseti þakkaði Þorsteini fyrir margvísleg störf hans í þágu sambandsfélaga-anna og gat sérstaklega um ómetanlega aðstoð hans við að koma upp félagsheimili Kjalnesinga á Fólkvangi.

Þingheimur kvaddi Íþróttafulltrúa með lófataki.

Síðan var gert hlé á þingfundi til nefndastarfa.

## ÁLIT NEFNDA.

Framsögumaður félagsmálanefndar var Haraldur Jónsson. Frá nefndinni komu fjórar tillögur:

- a) Um ítrekan tillögu um undirbúning fyrir Landsmót 1971. (Þingskjal I).
- b) Um orðlögum fyrir félagsmálastörf. (Þingskjal II).
- c) Um framkvæmd samþykktar um spurningakappleiki (Þingskjal III).
- d) Um val fulltrúa á þing æðri sambanda. (Þingskjal IV).

Framsögumaður allsherjarnefndar var Páll Aðalsteinsson. Frá nefndinni komu tvær tillögur:

- a) Um aukningu eiturlyfjaneyzlu. (Þingskjal V).
- b) Um inntöku HK í UMSK. (Þingskjal VI).

Lítilsháttar fyrirspurnir um hið nýja félag komu fram, áður en tillaga nefndarinnar var afgreidd. Þrjár fulltrúar HK, Lárus Ásgeirsson, Magnús Gíslason og Þorgeir Ólafsson, komu á þingstað vegna inntökubeiðninnar. Ákveðið var, að þeir skyldu fá að sitja þingið til láka sem áheyrnarfulltrúar HK, og voru þeir boðnir velkomnir.

Framsögumaður íþróttanefndar var Guðmundur Þórðarson. Frá nefndinni komu sjö tillögur:

- a) Um landsmót 1974. (Þingskjal VII).
- b) Um starfsíþróttir. (Þingskjal VIII).
- c) Um þríþrautarkeppni. (Þingskjal IX).
- d) Um keppni skólanema. (Þingskjal X).
- e) Um **sundkeppni**. (Þingskjal XI).
- f) Um aldursflokkakeppni. (Þingskjal XII).
- g) Um "Íþróttir fyrir alla". (Þingskjal XIII).

Er hér var komið við sögu, tók Pálmi Gíslason við embætti þingforseta um sinn.

Framsögumaður fjárhagsnefndar var Guðmundur Gíslason. Frá nefndinni komu tvær tillögur:

- a) Um þakkir fyrir fjárstuðning. (Þingskjal XIV).
- b) Um fjárhagsáætlun. (Þingskjal XV).

Sigurður Geirdal benti á, að talsverðar tekjur mætti hafa af aðild að rekstri Getrauna, en sá tekjumöguleiki væri ekki með í fjárhagsáætlun. Síðan útskýrði hann, hversu háttáð er skiptingu tekna af fyrirtækinu.

Páll Ólafsson tók til máls, og leizt honum ekki allskostar vel á **fjárhags-  
áætlunina**, því að þar bæri á fullmikilli bjartsýni. Páll var þeirrar skoðunar, að með bættem áróðri mætti afla mun meira fjármagns hjá sveitarfélögum og sýslu-  
félögum. Hann taldi mikilvægt að sýna fram á, að verið væri að starfa fyrir  
æskulýðinn yfirleitt og láta það sannast, að því fé, sem ungmennahreyfingunni  
væri látið í té, væri vel varið. Hann kvað nauðsynlegt, að starfið væri sem  
allra breiðast og næði til sem flestra, og þegar sótt væri um fé, yfði að leggja  
mikla áherzlu á mikilvægi starfsins. Páll áleit ekki óeðlilegt, að UMSK hefði  
einn launaðan starfsmann allt árið, því að erfitt væri að leggja gífurleg störf  
á ólaunað áhugafólk, sem starfar í frístundum. Jafnframt taldi hann eðlilegt,  
að viðkomandi sveitarfélög kostuðu slíkan erindreka. Páll sagði að lokum, að  
UMSK gæti gengið að því visu, að unga félkið myndi ekki standa eitt, ef til þess  
kæmi, að sambandið tæki að sér umsjón landsmóts 1974.

Pétur Þorsteinsson þakkaði Páli orð hans og kvað sveitarfélög oft eiga  
furðuerfitt með að skilja, að fjármunum sé á engan hátt verr varið til starfs  
ungmennafélaga, sem grundvallast á framtaki áhugamanna, en til ýmiskonar æsku-  
lýðsráða og nefnda, þar sem allt byggist á launaðri vinnu.

Páll Ólafsson tók aftur við starfi þingforsæta.

#### ÖNNUR MÁL.

Á meðan beðið var álits kjörnefndar, voru almennar umræður.

Sigurður Geirdal ræddi um sumarþúðir fyrir unglínga og sagði, að slíkur rekstur  
væri vinsæll víða úti um land. Hann sagði, að sveitarfélög virtust einna ör-  
látust við ungmennafélög, þegar um slíkt starf væri að ræða. Sigurður kvaðst  
álíta, að sumarþúðarekstur væri jafnvel enn mikilvægari í Kjalarnesþingi en víðast  
annarsstaðar, vegna hins mikla þéttbýlis á svæðinu.

Guðmundur Guðmundsson, frkvstj., UMSK, skýrði frá tilhögun ráðningar sinnar  
til sambandsins. Hann er ráðinn frá 1. nóvember 1970 um eins árs skeið og gert  
ráð fyrir 15 stunda vinnutíma á viku að jafnaði í vetur en fullum starfsdegi í  
sumar. Guðmundur lagði áherzlu á þá skoðun sína, að ráðning framkvæmdastjóra  
væri ekki til þess að létta störfum af stjórninni, heldur til þess að auka starfs-  
hæfni sambandsins.

Pálmi Gíslason minnti á möguleika þess, að sækja um að fá félagsmálanámskeið  
UMFÍ.

Páll Aðalsteinsson taldi fulla ástæðu til að athuga það mál. Hann ræddi  
einnig vandamál unglínga í þéttbýli og lýsti stuðningi við sjónarmið Sigurðar  
Geirdals varðandi sumarþúðir.

#### VERÐLAUNAVEITING.

Ýmiskonar verðlaun voru afhent á meðan þingheimur sat við síðdegisdrykkju.  
Íþróttamaður ársins var Guðmundur Þórðarson, Breiðablíki.  
Trausti Sveinbjörnsson, Breiðablíki, hlaut Afreksbikar Gests Guðmundssonar.  
Einnig hlaut Trausti tugþrautarbikarinn.  
Afhent voru verðlaun fyrir sigra í knattspyrnumótum UMSK í 4. og 5. flokki.  
Gróttta sigraði í 4. flokkioog tók Þórhallur Þórhallsson við sigurlaunum.  
Breiðablíki sigraði í 5. flokki og tók Valdimar Valdimarson, fyrirliði við sigur-  
launum.

Stefán Ágústsson, Gróttta, var heiðraður fyrir félagsmálastörf.

Þá tók skáksveit UMSK við verðlaunum fyrir sigur í skákmóti UMFÍ 1970.



KOSNINGAR.

Jón M. Guðmundsson mælti fyrir tillögum kjörnefndar. Pétur Þorsteinsson, formaður, gaf ekki kost á sér áfram og mælti kjörnefnd í staðinn með Sigurði Skarphéðinssyni. Stefán Ágústsson, varaformaður, baðst einnig undan störfum og mælti kjörnefnd í staðinn með Steinari Lúðvíkssyni.

Í tillögu kjörnefndar var gert ráð fyrir sama fjölda meðstjórnenda og varanna og áður, en miklar umræður urðu um það, hvort nú þegar skyldi fjölga í stjórninni með því að bæta í hana fulltrúa HK. Þeim lauk með því að Sigurður Geirdal var fram tillögu til viðbótar tillögu kjörnefndar þess efnis, að fulltrúar HK skyldu kjörnir í stjórn og varastjórn í samræmi við upplýsingar áheyrnarfulltrúa HK um, að viðkomandi menn væru reiðubúnir til þeirra starfa, ef mál réðust á þann veg.

Jón M. Guðmundsson framsögumaður kjörnefndar taldi, að tilnefning stjórnarmanna frá HK væri ekki tímabær, fyrr en þingið hefði formlega gengið frá inn-töku félagsins í sambandið samkvæmt gildandi lögum, eins og kom fram í umræðum-áður en Sigurður Geirdal flutti tillögu sína. Lýsti framsögumaður því yfir fyrir hönd kjörnefndar, að hún styddi uppástungu um að Þorvarður Áki Eiríksson HK yrði aðalmaður í stjórn og Gísli B. Kristjánsson til vara.

Tillögur kjörnefndar um stjórnarkjör, ásamt tillögu Sigurðar Geirdal voru samþykktar einróma, og er stjórn U.M.S.K. því þannig skipuð.

Formaður: Sigurður Skarphéðinsson, Aftureldingu.  
Varaform: Steinar Lúðvíksson, Breiðabliki.  
Meðstjórnendur: Ólafur Friðriksson, Kjalarnesi.  
Guðmundur Gíslason, Dreng.  
Sveinbjörn Guðmundsson, Umf. Bessast.hr.  
Þórhallur Þórhallsson, Gróttu.  
Einar Gunnlaugsson, Stjórnunni.  
Þorvarður Áki Eiríksson, HK.

Varamenn: Páll Aðalsteinsson, Aftureldingu.  
Þórir Hermannsson, Dreng.  
Þórarinn Sigurðsson, Stjórnunni.  
Pálmi Gíslason, Breiðabliki.  
Eggert Ólafsson, Umf. Kjalnesinga.  
Benóný Pétursson, Gróttu.  
Sturla Jóhannsson, Umf. Bessast.hr.  
Gísli B. Kristjánsson, HK.

Tillaga kjörnefndar um endurkjör endurskoðanda og varamanna þeirra var samþykkt samhljóða.

Endurskoðendur: Lárus Halldórsson, Aftureldingu.  
Ólafur Ágúst Ólafsson, Dreng.  
Varamenn: Guðjón Hjartarson, Aftureldingu.  
Jón Ólafsson, Umf. Kjalnesinga.

Ennfremur var samþykkt samhljóða tillaga um endurkjör Ármanns.Péturssonar í íþróttadómstól og um kjör tveggja varamanna.

Íþróttadómstóll UMSK:

Gísli Andrésson, Dreng.  
Tómas Lárusson, Aftureldingu.  
Ármann Pétursson, Umf. Bessast.hr.  
Varamenn: Reynir Karlsson, Breiðabliki.  
Gísli Jónsson, Umf. Kjalnesinga.

ÞINGLÖK.

Steinar Lúðvíksson, nýkjörinn varaformaður, þakkaði traustið fyrir hönd nýkjörinnar stjórnar, þar eð nýkjörinn formaður, Sig. Skarphéðinsson, átti ekki sæti á þinginu.

Jafnframt þakkaði hann fráfarandi formanni og stjórn hans fyrir störf þeirra á liðnu ári.

Jón M. Guðmundsson, fór lofsamlegum orðum um fráfarandi formann og varaformann, sem ekki gáfu kost á sér í stjórnarkjör. Einkum þakkaði hann Pétri Þorsteinsyni fyrir fórnfýsi hans, er hann féllst á að taka að sér forstöðu sambandsins fyrir ári, er stjórnarkæppa virtist yfirvofandi. Einnig þakkaði Jón ágætarmótökur Kjalnesinga í veglegum húsakynnum.

Pétur Þorsteinsson, þakkaði samstarfið í stjórninni á liðnu ári og óskaði nýkjörinni stjórn allra heilla. Ennfremur þakkaði hann hlý orð í sinn garð.

Forseti sleit síðan 48. þingi U.M.S.K.

I. ÞINGSKJAL.

- 9 -

48. þing U.M.S.K. haldið að Fólkvangi 6. desember 1970 samþykkir að ítreka við stjórn U.M.S.K. að framkv. tillögu varðandi landsmótsnefnd sem samþykkt var á 47. þingi U.M.S.K. samkvæmt þingskjali III í 47. þinggerð.

II.

48. þing U.M.S.K. samþykkir að veita árlega verðlaun fyrir félagsmálastörf eins og undanfarin ár. 3 síðustu verðlaunakæfar skipi jafnan nefnd er úthluti félagsmálaverðlaununum.

III.

48. þing U.M.S.K. beinir því til stjórnar, að hún kenni möguleika á því að framkvæma samþykktu tillögu frá 47. þingi um spurningakeppni (17. þingskjal 47. þinggerðar).

IV.

48. þing U.M.S.K. samþykkir að veita stjórn sambandsins umboð til að velja fulltrúa á þing U.M.F.Í., Í.S.Í. og sérsambandanna.

V.

48. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins að vinna að og koma á framfæri við fjölmiðla áskorun 47. þings um varnir gegn eiturlyfjanotkun (sbr. 1. þingskjal í 47. þinggerð).

VI.

48. þing U.M.S.K. samþykkir að Handknattleiksfélagi Kópavogs verði veitt inn-ganga í Ungmannasamband Kjalarnesþings.

VII.

48. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að þegar verði hafinn undirbúningur að þjálfun í starfsíþróttum fyrir næsta landsmót og sem fyrst verði hafin keppni í þeim greinum sem mögulegt er.

IX.

48. sambandsþing U.M.S.K. beinir því til stjórnar U.M.S.K. að hún beiti sór fyrir keppni milli beztu einstaklinga af sambandssvæðinu í þríþrautakeppni F.R.Í. og Askunnar.

X.

48. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið, að standa fyrir keppni á milli barna- og gagnfræðaskóla á sambands-svæðinu, t.d. í víðavangshlaupi.

XI:

48. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að beina því til stjórnarinnar að koma á sundkeppni við önnur héraðssambönd.

XII.

48. sambandsþing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að skipuleggja aldursflokkakeppni á næstkomandi sumri í frjálsum íþróttum og knattspyrnu, í samráði við sambandsfélögin.

XIII.

48. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að stjórn U.M.S.K. skipi 3ja manna nefnd samkvæmt tilmælum Í.S.Í. varðandi starfssemina "Íþróttir fyrir alla".

XIV.

48. þing U.M.S.K. sendir sýslu- og sveitafélögum í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og Búnaðarsambands Kjalarnesþings þakkir fyrir fjárframlög til sambandsins.

XV.

Tokjur:	
1. Frá Gullbringusýslu.....kr.	40.000.00
2. " Kjósarsýslu....."	75.000.00
3. " Kópavogskaupstað....."	50.000.00
4. " Bessastaðahreppi....."	4.000.00
5. " Garðahreppi....."	10.000.00
6. " Seltjarnarneshreppi....."	20.000.00
7. " Mosfellshreppi....."	15.000.00
8. " Kjalarneshreppi....."	6.000.00
9. " Kjósarhreppi....."	7.000.00
10. " Búnaðarsambandi Kjalarnesþings...."	10.000.00
11. " Útbreiðslustyrkir frá Í.S.Í....."	6.710.00
12. Hérðasmót....."	10.000.00
13. Útistandandi skuldir....."	40.000.00
14. Framlag landsmótsþátttakenda....."	110.000.00
15. U.M.S.K. blað....."	100.000.00
16. Vextir....."	500.00
17. Í sjóði....."	60.000.00
18. Skattur (30kr. pr. félagi)....."	20.130.00
	<hr/>
	Kr. 584.340.00
	<hr/>

Fjárhagsáætlun 1971.

gjöld:	
1. Stjórnarkostnaður	
a. framkvæmdastjóri.....kr.	163.000.00
b. aksturskostnaður framkvstj. ...."	33.000.00
c. fjölrítun, ritföng, póstur, sími.. "	26.000.00
d. húsaleiga....."	15.000.00
e. ýmislegt....."	630.00
2. Kostnaður vegna landsmóts....."	260.000.00
3. Skattar og gjöld....."	6.710.00
4. Íþróttakostnaður....."	30.000.00
5. Greiddar skuldir....."	45.000.00
6. Annar kostnaður....."	5.000.00
	<hr/>
	584.340.00
	<hr/>